



Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 SAUÐÁRKRÓKUR

Garðabær, 4.3.2025

Málsnúmer: 202502-0057

IAS

Efni: Sauðárkrókur, athafnasvæði AT-403, deiliskipulag.

Vísað er í erindi frá Skagafirði, dagsett þann 19. febrúar 2025 þar sem óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi fyrir athafnasvæði AT-403 á Sauðárkróki.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsinguna þann 14. ágúst 2024 og ítrekar hér eftirfarandi athugasemdir.

Skipulagssvæðið liggur innan og við núverandi þéttbýli og ber töluverð merki rasks. Sá hluti skipulagssvæðisins sem liggur austan Sauðárkróksbrautar er innan svæðis sem hefur verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruvinjaskrár vegna vistgerða á landi, ferskvatnsvistgerða og fugla (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Samkvæmt staðkunnugum hefur m.a. kría verpt á þessum slóðum auk þess sem reikna má með miklu fuglalífi í nærliggjandi votlendi og vötnum. Því ber að taka ríkt tillit til fuglalífs þegar kemur að skipulagi austan Sauðárkróksbrautar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur